

# Kaup á upplýsingatækniþjónustu af ytri aðilum

## 1. Tilgangur og gildissvið

Verklagsregla þessi gildir um kaup Borgunar á upplýsingatækniþjónustu frá ytri aðilum. Tilgangur hennar er að tryggja að á hverjum tíma séu kaup gerð með hagkvæmni og öryggissjónarmið að leiðarljósi. Með þjónustu er átt við aðkeypta vinnu, tækni- og tækjabúnaður er því undanskilinn í reglu þessari.

## 2. Ábyrgð

Það er stefna Borgunar að í öllum samningum við birgja sé gætt jafnræðis- og hagkvæmnisjónarmiða. Einnig skal tryggja öryggi gagna og upplýsingakerfa. Starfsmenn sem annast innkaup á sviði upplýsingatækni skulu gæta þess að þau séu í samræmi við reglur þessar.

## 3. Tilvísanir

Sátt Samkeppniseftirlits og Reiknistofu bankanna sbr. ákvörðun nr. 14/2012

## 4. Framkvæmd

### 4.1 Almennt

Reglur þessar taka til kaupa Borgunar á upplýsingatækniþjónustu frá ytri aðilum. Reglurnar taka mið af sátt Samkeppniseftirlits og Reiknistofu bankanna sbr. ákvörðun 14/2012 vegna sameiningar Reiknistofu bankanna og Teris.

### 4.2 Reglur Borgunar um kaup upplýsingatækniþjónustu af ytri aðilum

Ákvörðun um kaup upplýsingatækniþjónustu skal ætíð byggð á eftirfarandi sjónarmiðum:

- › Þörf, einungis er keypt þjónusta sem metin er sem nauðsynleg og/eða virðisaukandi fyrir Borgun.
- › Hagkvæmni, litið skal til kostnaðar við kaup á þjónustu, þá ekki einungis innkaupsverðs heldur annars kostnaðar s.s. innri kostnaðar við innleiðingu og fl.
- › Öryggi s.s. staða aðila gagnvart PCI DSS og ISO 27001 stöðlum.
- › Fjölbætt nálgun, ekki skal eingöngu litið til kostnaðar heldur einnig þjónustu, samstarfsvilja, frumkvæði, nýsköpunarþrotts og slíkra þátta sem geta skipt máli.

## 4.2.1 Tilboðsskrá

Í samræmi við sátt Samkeppniseftirlits og Reiknistofu bankanna heldur Borgun skrá yfir tilboð sem félaginu berast um upplýsingatækniþjónustu sem Reiknistofa bankanna getur veitt. Með tilboðum er átt við skjalfest, formleg, dagsett, verðtilboð sem Borgun hefur óskað eftir í tiltekið/n verk sem Borgun fyrirhugar að láta ytri aðila annast. Í skrá skal sérstaklega tilgreint hvers vegna tilboðum er tekið eða hafnað.

## 4.2.2 Tengiliður vegna kaupa

Tengiliður Borgunar vegna kaupa er forstöðumaður Upplýsingatækniáviðs.

## 4.2.3 Útboð

Þegar um er að ræða kaup á upplýsingatækniþjónustu sem Reiknistofa bankanna getur veitt skal fara fram vönduð verðkönnun eða útboð um verkið að því gefnu að fleiri en einn aðili uppfylli kröfur Borgunar um þjónustuna.

Útboðslýsingar og eða forsendur verðkönnunar skulu vera skriflegar. Tilboð skulu skráð í sérstaka tilboðsskrá er Borgun heldur.

Við undirritun samninga í kjölfar útboðs eða verðkönnunar skulu liggja fyrir þau sjónarmið er standa að baki kaupákvörðun og skulu þau sjónarmið skráð í tilboðsskrá.

## 4.3 Umsjón, eftirlit og innra eftirlit

Umsjón og eftirlit með verklagsreglu þessari er í höndum forstöðumanns Upplýsingatækni.

## 5. Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður þessarar verklagsreglu er forstöðumaður Upplýsingatækni.